

REGLUR UM TÓMSTUNDAFRAMLAG AKRANESKAUPSTAÐAR TIL BARNA OG UNGMENNA (6-18 ÁRA)

Akraneskaupstaður gefur forráðamönnum allra barna og unglunga á aldrinum 6-18 ára með lögheimili á Akranesi kost á tómstundaframlagi sem hægt er að nota til að greiða fyrir hvers konar tómstundastarf hjá viðurkenndum tómstundafélögum eða stofnunum.

1. gr.

Tómstundaframlagið gildir fyrir þau börn sem verða 6 og 18 ára á árinu. Sé barn orðið 18 ára sækir það sjálf um í íbúagáttinni. Tómstundaframlagið gildir frá 1. janúar til 15. desember ár hvert.

2. gr.

Upphæð tómstundaframlagsins hverju sinni er ákvörðun bæjarstjórnar.

3. gr.

Umsókn um tómstundaframlagið fer fram í íbúagátt Akraneskaupstaðar með rafrænum hætti. Hægt er að nota tómstundaframlagið sem hluta af greiðslu vegna þátttöku í ýmsu tómstundastarfi og er gengið út frá eftirfarandi skilgreiningum:

- a. Skilyrði Akraneskaupstaðar fyrir að tómstundafélög geti verið skráð í íbúðagátt Akraneskaupstaðar og mótttekið framlagið er að félögin þurfa að viðhafa góða starfshætti og starfsemin sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna í víðum skilningi. Starfsemin þarf að ná yfir 10 vikur á önn að jafnaði. Starfið þarf að vera undir handleiðslu þjálfara/leiðbeinenda 18 ára og eldri.
- b. Nemendur í tónlistarnámi við tónlistarskóla Akraness geta nýtt tómstundastyrkinn.
- c. Nýta má tómstundaframlag við kaup á þriggja til 12 mánaða líkamsræktarkortum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum um fræðslu til iðkenda.
- d. Annað tómstundastarf sem ekki er á ábyrgð tómstundafélaga eða Akraneskaupstaðar getur fallið undir gildissvið tómstundaframlagsins. Þar getur verið um að ræða námskeið sem nær að jafnaði yfir 10 vikur. Forsvarsaðilar slíkrar starfsemi þurfa að setja sig í samband við fulltrúa skóla- og frístundasviðs.



e. Tímstundastarf sem er á vegum félagsamtaka sem starfa í öðrum sveitarfélögum. Forsenda fyrir að hægt er að nýta tímstundaframlagið við slíkar aðstæður er að ekki sé fyrir hendi félag sem hefur með höndum sama eða sambærilegt félagastarf á Akranesi.

f. Tímstundafélag fær uppgjör frá Akraneskaupstaðar fyrsta virkan dag hvers mánaðar í samræmi við skráningar sem framkvæmdar eru af forráðamönnum barna í íbúagáttinni í næsta mánuð á undan. Með skráningunni í íbúagáttina er tímstundaframlagið framselt af forráðamönnum til viðkomandi tímstundafélags.

g. Annað tímstundastarf sem sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs telur gilt hverju sinni.

4. gr.

Þau félög, stofnanir, rekstraraðilar og námskeiðshaldarar sem geta nýtt tímstundaframlag skuldbinda sig til að veita Akraneskaupstað upplýsingar um rekstur og framkvæmd þeirrar starfsemi sem þessar reglur fjalla um.

Samþykkt í skóla- og frístundaráði 30. janúar 2018.

Samþykkt í bæjarráði Akraness 15. febrúar 2018.

Samþykkt í bærarstjórn Akraness 23. febrúar 2018.

Sævar Freyr Þráinsson

bærarstjóri